



Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 12. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að settar séu sérstakar reglur um heimildir til ábyrgðarlausrar miðlunar upplýsinga um ólögmdæta háttsemi og annað sem viðkomandi telur sig í góðri trú um að feli í sér spillingu, svik, valdníðslu, vanrækslu, hirðuleysi og fleira. Á það bæði við um svokallaða innri og ytri uppljóstrun.

Samtök atvinnulífsins telja ekki ástæðu til lagasetningar af þessu tagi. Tjáningarfrelsi starfsmanna sem annarra nýtur þegar vissrar verndar samkvæmt stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur er hér á landi. Þá má benda má á að hvorki í Danmörku né Svíþjóð hefur verið sett löggjöf um það sem þar kallast „whistleblowing“ en færst hefur í vöxt að fyrirtækin sjálf komi sér upp ferlum fyrir innri upplýsingagjöf um alvarleg brot á lögum eða settum reglum.

Samtök atvinnulífsins telja frumvarpið auk þess meingallað. Tilgangurinn virðist sá einn að tryggja skilyrðislaust tjáningarfrelsi og vernd uppljóstrara. Heimildir eru illa afmarkaðar og engar takmarkanir á því á hvern hátt upplýsingum skuli komið á framfæri svo dæmi séu nefnd. Hagsmuna viðkomandi fyrirtækja er að engu gætt.

Samtök atvinnulífsins leggjast því eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur